



**KSI**

74. ársþing



**ÁRSSKÝRSLA  
2019**

— Bakhjarlar



## — Verum framsækin

# Fyrir ársþing lítur maður gjarnan til nýliðins árs en þó fyrst og fremst fram á veginn til komandi verkefna.

KR-ingar settust í toppsæti Pepsi Max deildar karla um miðjan júní, sátu þar allt til loka mótsins og unnu deildina með 14 stiga mun þegar upp var staðið. KR hefur nú fagnað Íslandsmeistaratitlinum karlamegin alls 27 sinnum. Spenna var í Pepsi Max deild kvenna allt til loka, en Valur tryggði 11. Íslandsmeistaratitil félagsins í kvennaflokki í lokaumferðinni. Gott samstarf allra hagsmunaaðila í markaðssetningu skilaði aukningu í aðsókn að leikjum Pepsi Max deilda beggja kynja – mjög jákvæð niðurstaða sem við byggjum ofan á fyrir komandi keppnistímabil.



Guðni Bergsson, formaður KSI

Við sáum frábæra úrslitaleiki og áfangasígra í Mjólkrubikarnum. Víkingar fögnuðu sigri í Mjólkrubikar karla, fyrsti bikarmeistaratitill þeirra síðan 1971. Í kvennaflokki voru það Selfyssingar sem urðu Mjólkrubikarmeistarar og er þetta fyrsti bikarmeistaratitill félagsins.

Það er búin að vera mikil umræða undanfarið um fyrirkomulag deildakeppna og er það vel. Þetta endurspeglar kraftinn í knattspyrnuhreyfingunni og við eigum að taka umræðuna. Við eigum að vera framsækin og ófeimin við að skoða nýjar hugmyndir. Þetta er auðvitað stór ákvörðun og við stofnuðum starfshóp til þess að rýna málið frekar. Það er þörf á því að við gerum okkur grein fyrir öllum hliðum málsins og tökum síðan af skarið þegar helstu staðreyndir og rök liggja fyrir. Einnig hafa komið fram hugmyndir um umspil í 1. deild og bikarkeppni neðrideildarliða. Það eru spennandi valkostir sem við viljum einnig skoða nánar á þessu ári. Ég er sannfærður um að út úr þessu kemur góð niðurstaða fyrir íslenskan fótbolta í heild sinni.

Umræða um fjármál aðildarfélaganna hefur verið nokkuð áberandi. Áhugaverð skýrsla var kynnt á formannafundi í nóvember síðastliðnum, þar sem fram kom að launakostnaður leikmanna sem hlutfall af rekstri félaganna er hátt í samanburði við önnur lönd. Þetta þurfum við sem hreyfing að tækla saman og ná tökum á. Það er möguleiki að nýta leyfiskerfið frekar í þessu sambandi og fyrir félögin að styðjast við meðaltölur launa sem hægt væri að reikna út til viðmiðunar. Fyrst og fremst er þetta þó á ábyrgð stjórnenda hverju sinni og að við sköpum saman heilbrigð viðmið í rekstri.

Við höfum einnig fundið fyrir því í fjármálum KSI að kostnaður hefur aukist og reksturinn þungst. Þegar litið er til þróunar síðustu ára þá hafa þættir eins og laun og ferða- og dómarakostnaður aukist mikið. Einnig hefur gengisþróun spilað þar inn í ásamt tapi á rekstri Laugardalsvallar. Þó við höfum aukið okkar sjálfsaflatekjur og fengið auknar tekjur frá aðildarsamböndum okkar þá er orðið erfiðara að ná endum saman. Þetta er eitthvað sem við þurfum að takast á við í sameiningu sem knattspyrnuhreyfing.

Hvað fjármál félaganna varðar er mikið ánægjuefni að loksins hillir undir frumvarp sem snýr að skattamálum íþróttahreyfingarinnar og þá þriðja geiranum svokallaða. Þar er að finna mjög mikilvæg ákvæði um skattaafslátt vegna stuðnings fyrirtækja og einstaklinga. Einnig er þar að finna tillögur um endurgreiðslu vegna byggingarframkvæmda. Það er enginn vafi á því að ef þessar tillögur kæmu til framkvæmda yrði það gríðarleg hjálp fyrir knattspyrnu- og íþróttahreyfinguna í heild sinni. Fyrirtæki hafa því miður verið að draga úr sínum framlögum til íþróttafélaga og ef þetta frumvarp verður að veruleika þá mun það þá hjálpa mikið til í þeim efnum. Einnig myndi það auðvelda uppbyggingu íþróttamannvirkja um allt land, enda skiptir aðstaðan íþróttastarf gríðarlega miklu máli. Það er komi tími til að ríkisvaldið leggi kröftuglega sitt lóð á vogarskálarnar til íþróttahreyfingarinnar með þessum hætti og ég trúi ekki öðru en að þetta verði að veruleika.



## Nýr leikvangur yrði gríðarleg lyftistöng fyrir fótboltann í heild sinni og núverandi völlur getur einfaldlega ekki þjónað okkur vel miðað við núverandi mótafyrirkomulag landsliða.

Varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir á Laugardalsvelli þá eru núna í útboðsferli frekari þarfagreining og áætlanagerð fyrir endurbýggingu Laugardalsvallar. Þetta ferli hefur tekið of langan tíma að mínu viti en þetta er vissulega stór ákvörðun og framkvæmd ef af verður. Ég er bjartsýnn á að jákvæð ákvörðun í þessu máli muni liggja fyrir síðar á þessu ári. Fyrir Reykjavíkuborg liggja fyrir þessu veigamikil rök, sérstaklega með fyrirhugaðri aðkomu ríkisins. Völlurinn er rekinn með miklu tapi í dag og það mun breytast með nýjum leikvangi. Reykjavíkuborg gæti því lagt til nokkurn veginn það fjármagn, uppsafnað, sem að hún þarf að greiða til vallarins á næstu áratugum og byggt frekar nýjan völl með aðkomu ríkisins. Ég vona að við öll í knattspyrnuhreyfingunni fylkjum okkur um þetta mál. Nýr leikvangur yrði gríðarleg lyftistöng fyrir fótboltann í heild sinni og myndi nýtast bæði landsliðum okkar og félagsliðum. Núverandi völlur getur einfaldlega ekki þjónað okkur þörfum miðað við núverandi mótafyrirkomulag landsliða og uppfyllir ekki lágmarkskröfur UEFA.

Við erum einmitt þessa dagana að reyna að gera Laugardalsvöllinn kláran fyrir umspilsleikinn á móti Rúmeníu þann 26. mars næstkomandi. Að halda þennan

leik mun kosta okkur tugi milljóna. En við ætlum okkur áfram og á EM 2020. Við gætum þurft að spila aftur umspilsleik eftir 2 ár fyrir HM 2022 og þetta er ekki ásættanleg staða fyrir íslenskan fótbolta, ef við á annað borð viljum ná árangri á þessu sviði.

En nóg um það. Við höfum upplifað jákvætt ár með yngri landsliðin okkar og einnig með A-landsliðunum. Karlalandsliðið stóð sig með ágætum í erfiðum riðli fyrir Em 2020 og kvennlandsliðið er í góðri stöðu í sínum riðli fyrir EM 2021. Okkar verkefni, sem aldrei fyrr, er að viðhalda góðum árangri undanfarna ára. Komið er til sögunnar öflugt knattspyrnusvið með nýju skipiriti, ásamt innanlandsviði sem sinnir mótahaldi, og loks markaðssviði. Við höfum í kjölfarið breytt og bætt fyrirkomulag á æfingum yngri landsliða og erum að líta á mótafyrirkomulag yngri flokkanna. Við höfum hafið mælingar á líkamsástandi leikmanna 3. flokks í samvinnu við HR og aðildarfélögin, verkefni sem mun skila okkur mikilvægum samanburði við aðrar þjóðir. Við höfum einnig unnið markvissar en áður að útbreiðslumálum, sérstaklega á landsbyggðinni. Í markaðsmálum höfum við stigið mikilvæg skref fram á við, m.a. gert nýjan búningasamning og breytinga er að vænta er varðar vörumerki sambandsins. Við erum á góðri vegferð tel ég með framsækni og þróun fótboltans að leiðarljósi.

Allt þetta og meira til erum við að gera til þess að byggja frekar upp íslenskan fótbolta sem við getum verið stolt af en getum jafnframt enn bætt. Við eigum sífellt að leita leiða til þess að verða betri, á öllum sviðum. Við vinnum öll saman að þessu marki og ég hlakka til að eiga með ykkur góðar stundir hér á ársþinginu í Ólafsvík. —

<b>Pistill formanns</b>	<b>2</b>
<b>A landslið karla</b>	<b>6</b>
<b>A landslið kvenna</b>	<b>12</b>
<b>Yngri landslið</b>	<b>18</b>
<b>Evrópukeppnir</b>	<b>22</b>
<b>Mótin innanlands</b>	<b>26</b>
<b>Dómaramál</b>	<b>30</b>
<b>Árið sem leið</b>	<b>32</b>
<b>Fjármál</b>	<b>38</b>
<b>Ársreikningur</b>	<b>41</b>

Forsíða: Breiðablik fagnar marki á móti Sparta Prag

Prentun: Prentun.is

Ljósmyndir: Hafliði Breiðfjörð – fotbolti.net

Hönnun og uppsetning: Brandenburg





— Möguleiki á þriðja stórmótinu

Þrátt fyrir að Íslandi hafi ekki tekist að tryggja sér farseðil beint á EM 2020 í gegnum undankeppnina þá á liðið enn möguleika á að komast á þriðja stórmótið í röð.



## Ísland mætir Rúmeníu í undanúrslitum og fer leikurinn fram 26. mars á Laugardalsvelli.

- Liðið hóf árið á tveimur vináttuleikjum í Katar. Fyrri leikurinn var gegn Svíþjóð og endaði hann með 2–2 jafntefli. Óttar Magnús Karlsson og Jón Dagur Þorsteinsson skoruðu mörk Íslands. Seinni leiknum, gegn Eistlandi, lauk með markalausum jafntefli.

Undankeppni EM 2020 hófst í mars, en Ísland var þar í ríðli með Frakklandi, Tyrklandi, Albaníu, Andorra og Moldóvu. Liðið hóf keppnina á tveimur útileikjum. Sá fyrsti var gegn Andorra og endaði hann með 2–0 sigri Íslands þar sem Birkir Bjarnason og Viðar Örn Kjartansson skoruðu mörk liðsins. Sá síðari var gegn heimsmeisturum Frakka og tapaðist sá leikur 0–4.

Í júní lék Ísland tvo heimaleiki, gegn Albaníu og Tyrklandi, og vann liðið þá báða. Jóhann Berg Guðmundsson skoraði eina mark leiksins gegn Albaníu í 1–0 sigri. Leikurinn gegn Tyrklandi fór 2–1 og skoraði Ragnar Sigurðsson bæði mörk Íslands.

Strákarnir mættu Moldóvu á Laugardalsvelli 7. september og unnu þar sinn þriðja sigur í röð, 3–0, með mörkum frá Kolbeini Sigbórssyni, Birki Bjarnasyni og Jóni Daða Böðvarssyni. Premur dögum síðar mætti Ísland Albaníu ytra. Leikurinn gekk ekki sem skyldi og 2–4 tap staðreynd.



Strákunum tókst að jafna leikinn í tvígang, en Albanir voru sterkari aðilinn eftir það og tryggðu sér góðan sigur. Gylfi Þór Sigurðsson og Kolbeinn Sigbórsson skoruðu mörk Íslands.

Heimsmeistarar Frakka mættu á Laugardalsvöll 11. október og var leikurinn jafn allan tímann. Bæði lið fengu færi, en eina mark leiksins skoraði Olivier Giroud af vítapunktinum. Svekkjandi tap staðreynd, en flott frammistaða hjá strákunum. Næsti andstæðingur liðsins var Andorra á Laugardalsvelli og vann Ísland góðan 2–0 sigur með mörkum frá Arnóri Sigurðssyni og Kolbeini Sigbórssyni.




Kolbeinn Sigbórsson fer upp í skallbolta í leik Moldóvu og Íslands 17. nóvember 2019.

Ragnar Sigurðsson í leik Albaníu og Íslands 10. september 2019.



Freyr Alexandersson ræðir við Kolbein Sigþórsson á meðan Erik Hamren fylgist með.



Gylfi Sigurðsson er umkringdur af leikmönnum Albaníu í leik liðsins í Elbasan 10. september 2019.



Ljóst var að Ísland yrði að ná í sigur í Tyrklandi til að eiga möguleika á því að komast beint áfram í lokakeppni EM 2020. Liðin mættust á Ali Sami Yen 14. nóvember og var ljóst frá byrjun að um mjög mikilvægan leik var að ræða. Ísland var nálægt því nokkrum sinnum að skora og setja pressu á Tyrkna, en það tókst ekki og markalaust jafntefli niðurstaðan. Þar með var ljóst að liðið ætti ekki möguleika á að komast beint í lokakeppnina. Í síðasta leik riðlakeppninnar mættu strákarnir Moldóvu ytra. Ísland komst yfir með marki Birkis Bjarnasonar á 17. mínútu, en Moldóvar jöfnuðu leikinn á 56. mínútu. Strákarnir héldu áfram að sækja og var það Gylfi Þór Sigurðsson sem tryggði liðinu stigin þrjú á 65. mínútu.

Liðin endaði riðillinn í 3. sæti og í ljósi stöðu þess í A deild Þjóðadeildar UEFA fékk Ísland sæti í umspili fyrir lokakeppnina. Ísland mætir þar Rúmeníu í undanúrslitum og fer leikurinn fram 26. mars á Laugar-dalsvelli. Það lið sem vinnur þann leik mætir sigurvegaranum úr leik Búlgaríu og Ungverjalands, en úrslitaleikurinn verður leikinn á heimavelli þess liðs. —



Aron Einar Gunnarsson, fyrirlíði liðsins, fagnar sigri Íslands gegn Moldóvu



Tólfan hvetur liðið áfram gegn Moldóvu.





— Með fullt hús stiga

Ísland er með fullt hús stiga eftir þrjá leiki og hefur farið vel af staðan í undankeppni EM 2021.



## Liðið hefur skorað 11 mörk til þessa í undankeppni EM 2021 og aðeins fengið á sig eitt.

— Þjálfaraskipti urðu hjá A landsliði kvenna í lok árs 2018 og tók Jón Þór Hauksson við liðinu af Frey Alexanderssyni. Fyrsti leikurinn undir stjórn nýs þjálfara var vináttuleikur gegn Skotlandi, en hann fór fram á La Manga á Spáni. Stelpurnar voru sterkari aðilinn allan tímann og skoraði Elín Metta Jensen bæði mörkin í sanngjörnum 2–1 sigri.

Liðið fór á Algarve Cup í lok febrúar / byrjun mars. Þar var Ísland með Kanada og Skotlandi í riðli, en bæði þau lið voru í undirbúningi sínum fyrir lokakeppni HM 2019. Markalaust jafntefli varð niðurstaðan í leiknum gegn Kanada á meðan Ísland tapaði 1–4 gegn Skotlandi. Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði mark Íslands í síðari hálfleik. Stelpurnar mættu Portúgal í leik um 9. sæti mótsins, áttu frábæran leik og unnu sannfærandi 4–1 sigur. Agla María Albertsdóttir, Selma Sól Magnúsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir og Svava Rós Guðmundsdóttir skoruðu mörkin.



Sara Björk Gunnarsdóttir, fyrirliði liðsins, berst við leikmann Ungverja-lands.

Ísland hélt undirbúningi sínum fyrir undankeppni EM 2021 áfram í apríl þegar liðið fór til Suður-Kóreu og lék þar tvo leiki við heimakonur, en þær voru þátttakendur á HM 2019. Berglind Björg Þorvaldsdóttir skoraði tvö mörk í fyrri hálfleik í fyrri leiknum áður en Suður-Kórea jafnaði leikinn í þeim síðari. Það var svo Rakei Hönnudóttir sem tryggði Íslandi sigur í uppbótartíma. Rakei var aftur á skotskónum í síðari leiknum. Hún kom Íslandi yfir á 22. mínútu, en Suður-Kórea jafnaði sex mínútum síðar og þar við sat.

Síðustu leikir liðsins fyrir undankeppnina voru tveir leikir gegn Finnlandi, en leikið var ytra. Fyrri leiknum lauk með markalausum jafntefli, en Ísland vann þann síðari 2–0. Ísland var sterkari aðilinn allan leikinn, en Hlín Eiríksdóttir og Dagný Brynjarsdóttir skoruðu mörkin í fyrri hálfleik.





Margrét Lára Viðarsdóttir fagnar sigri liðsins gegn Slóvakíu.

Ísland hóf undankeppni EM 2021 á tveimur heimaleikjum í lok sumars. Fyrsti mótherjinn var Ungverjaland og það tók íslenska liðið aðeins tíu mínútur að skora fyrsta mark leiksins, og þar var að verki Elín Metta Jensen. Ungverjum tókst að jafna undir lok fyrri hálfleiks, en Ísland tók algjörlega yfir stjórn leiksins í þeim síðari og skoraði þrjú mörk. Hlín Eiríksdóttir, Dagný Brynjarsdóttir og Elín Metta Jensen bættu við mörkunum og frábær byrjun á keppninni staðreynd. Næsti leikur var gegn Slóvakíu. Ísland var sterkari aðilinn allan tímann, en það reyndist liðinu erfitt að skapa sér opin færi. Það var svo Elín Metta Jensen sem skoraði eina mark leiksins eftir rúmlega klukkutíma leik og 1-0 sigur því staðreynd.

Síðustu tveir leikir liðsins voru leiknir í október. Fyrst ferðaðist íslenska liðið til Frakklands og og lék vináttulandsleik gegn heimakonum. Leikurinn var erfiður, Frakkar léku frábærlega og unnu 4-0 sigur. Þaðan var haldið til Lettlands í leik í undankeppni EM 2021, en leikið var í Liepaja. Þrátt fyrir erfiðar vallaraðstæður lék liðið frábærlega og vann 6-0 sigur. Fanndís Friðriksdóttir skoraði tvö mörk og þær Dagný Brynjarsdóttir, Elín Metta Jensen, Margrét Lára Viðarsdóttir og Alexandra Jóhannsdóttir skoruðu sitt markið hvor. —

Dagný Brynjarsdóttir fer upp í skalla-bolta gegn markverði Ungverjalands.



Ásta Eir Árnadóttir heilsar stuðningsmönnum.

Margrét Lára Viðarsdóttir á skot að marki gegn Lettlandi í Liepaja.





— **Gott gengi á árinu**

U17 ára landslið karla tryggði sér sæti á lokamóti EM 2019 og var nálægt því að komast þar í 8 liða úrslit.



## Karlar U21

Ísland mætti Tékklandi í fyrsta leik ársins á Pinatar á Spáni 22. mars, en þetta var fyrsti leikur liðsins undir stjórn nýs þjálfara, Arnars Þórs Viðarssonar. Leikurinn endaði með 1–1 jafntefli. Þremur dögum síðar mættu strákarnir Katar í Doha þar sem þeir unnu sannfærandi 3–0 sigur. Danir voru næstu mótherjar liðsins, þann 7. júní, og vann Ísland finan 2–1 sigur, en leikið var í Horsens í Danmörku.

Ísland hóf leik í undankeppni EM 2021 með tveimur heimaleikjum í september. Þann 6. september var Lúxemborg mótherji liðsins þar sem strákarnir okkar unnu góðan 3–0 sigur. Þremur dögum síðar vannst 6–1 stórsigur gegn Armeníu. Frábær byrjun hjá íslenska liðinu og fullt hús stiga eftir tvo leiki.

Í október lék liðið einnig tvo leiki í

undankeppninni, fyrst ytra gegn Svíþjóð og síðan hér heima gegn Írlandi. Leikurinn í Svíþjóð reyndist strákunum erfiður og varð 0–5 tap staðreynd. Þeir komu hins vegar sterkir til baka og unnu flottan 1–0 sigur gegn Írlandi.

Tveir síðustu leikir liðsins á árinu fóru fram í nóvember þegar Ísland mætti Ítalíu í undankeppninni og Englandi í vináttuleik. Báðir leikirnir fóru fram ytra. Fyrri leikurinn fór fram á Paolo Mazza í Ferrara á Ítalíu og endaði hann með 0–3 tapi gegn heimamönnum. Íslenska liðið sýndi góða frammistöðu, strákarnir voru frábærir í fyrri hálfleik og voru óheppnir að taka ekki með sér neitt úr leiknum. Töluverðar breytingar urðu á liðinu milli leikja, en liðið gegn Englandi var skipað leikmönnum 20 ára og yngri. Strákarnir börðust vel, en það voru Englendingar sem unnu 3–0 sigur.



## Karlar U19

Ísland lék tvo vináttuleiki í október í undirbúningi liðsins fyrir undankeppni EM 2020 – gegn Finnlandi og Svíþjóð – en leikið var í Finnlandi. Ísland vann leikinn gegn Finnlandi 1–0, á meðan leikurinn gegn Svíþjóð endaði með 1–1 jafntefli.

Liðið var með Belgíu, Grikklandi og Albaníu í riðli í undankeppni EM 2020, en leikið var

í Belgíu. Fyrsti leikur Íslands endaði með 0–3 tapi gegn Belgíu. Grikkland var næsti mótherji Íslands og unnu strákarnir frábæran 5–2 sigur. Ljóst var að sigur gegn Albaníu í síðasta leik riðilsins myndi tryggja Íslandi sæti í milliriðli. Strákarnir léku frábærlega í síðari hálfleik og unnu 4–2 sigur. Þetta er aðeins í þriðja sinn sem U19 ára landslið karla kemst í milliriðla undankeppni EM.

## Konur U19

Árið hófst í byrjun mars á þremur vináttuleikjum á La Manga á Spáni. Fyrst mættu stelpurnar Svíþjóð og unnu þar 2–0 sigur. Næsti leikur var gegn Ítalíu, en þar laut Ísland í lægra haldi 2–3. Síðasti leikurinn var gegn Danmörku og lauk honum með 2–2 jafntefli.

Þessir leikir voru liður í undirbúningi liðsins fyrir milliriðla EM 2020 þar sem Ísland var í riðli með Hollandi, Rússlandi og Búlgaríu – en leikið var í Hollandi í apríl. Ísland hóf leik gegn Rússlandi og gerði þar 2–2 jafntefli og vann svo frábæran 6–0 sigur gegn Búlgaríu í þeim næsta. Ljóst var fyrir lokaleikinn gegn Hollandi að sigur þar myndi fleyta liðinu áfram í lokakeppnina, en það var Holland sem fór áfram með 2–1 sigri.

Ísland lék tvo vináttuleiki í lok ágúst, gegn Svíþjóð og Noregi í undirbúningi liðsins fyrir

undankeppni EM 2020, en báðir leikirnir fóru fram í Svíþjóð. Stelpurnar unnu 3–1 sigur gegn Svíum í fyrri leiknum. Síðari leikurinn fór fram tveimur dögum síðar og endaði með 2–1 sigri Noregs.

Undankeppni EM 2020 var leikin hér á landi, en ásamt Íslandi voru Spánn, Grikkland og Kasakstan í riðlinum. Fyrsti leikurinn var gegn Grikklandi og vann Ísland 6–0. Næst mættu stelpurnar Kasakstan og endaði sá leikur með 7–0 sigri Íslands. Lokaleikurinn var gegn Spáni, en fyrir hann voru bæði liðin komin áfram í milliriðla. Spánverjar voru sterkari og unnu 3–0 sigur.

Í byrjun nóvember mætti liðið Svíþjóð í tveimur æfingaleikjum og voru þeir báðir leiknir hér á landi. Ísland vann báða leikina, þann fyrri 3–0 og þann síðari 2–0.

## Karlar U18

Ísland lék tvo vináttuleiki gegn Lettlandi og fóru þeir báðir fram ytra. Strákarnir unnu báða leikina, þann fyrri 2–1 og síðari 2–0.

## Karlar U17

Liðið byrjaði árið á móti í Hvíta-Rússlandi. Þar mættu strákarnir Georgíu (0–3), Moldóvu (1–0), Ísrael (1–1), Belgíu (4–2) og Tadsíkistan (2–1).

Milliriðill liðsins fyrir undankeppni EM 2019 var leikinn í Þýskalandi þar sem Ísland var í riðli með Þýskalandi, Hvíta-Rússlandi og Slóveníu. Strákarnir fóru á kostum þar, unnu Slóveníu 2–1 og Hvíta-Rússland 4–1 ásamt því að gera 3–3 jafntefli gegn Þýskalandi. Ísland endaði á toppi riðilsins og tryggði sér með því sæti í lokakeppni EM 2019.

Þar var Ísland í riðli með Portúgal, Rússlandi og Ungverjalandi. Liðið hóf mótið með glæsibrag og vann 3–2 sigur gegn Rússlandi. Næst mætti liðið Ungverjalandi og endaði sá leikur með 1–2 tapi Íslands. Með sigri gegn Portúgal í síðasta leiknum hefði Ísland komist áfram, en það tókst ekki og 2–4 tap staðreynd.

Liðið lauk svo árinu á undankeppni EM 2020, en leikið var í Skotlandi. Strákarnir náðu sér ekki á strik þar og liðið tapaði öllum þremur leikjum sínum – gegn Króatíu (2–3), Skotlandi (1–2) og Armeníu (0–1).

## Konur U17

Árið hófst á tveimur vináttuleikjum gegn Írlandi, en leikið var í Kórnum. Stelpurnar unnu báða leikina sannfærandi, þann fyrri 3–0 og síðari 5–2.

Því næst var leikið í milliriðli undankeppni EM 2019 þar sem Ísland var í riðli með Danmörku, Slóveníu og Ítalíu, en leikið var á Ítalíu. Stelpurnar byrjuðu riðilinn vel með 2–1 sigri gegn Ítalíu áður en þær töpuðu 0–2 gegn Danmörku. Liðið tapaði svo

einnig þriðja leiknum, 0–1 gegn Slóveníu.

Í undankeppni EM 2020 var Ísland í riðli með Frakklandi, Hvíta-Rússlandi og Möltu, en leikið var í Hvíta-Rússlandi. 10–1 sigur vannst í fyrsta leik gegn heimastúlkum og síðan 1–0 sigur gegn Möltu. Ísland og Frakkland voru bæði komin áfram í milliriðla áður en liðin mættust í síðasta leiknum, en Frakkland vann hann 3–0.

## Karlar U16

Ísland tók þátt í UEFA móti í byrjun apríl, en leikið var í Króatíu. Fyrst mættu strákarnir heimamönnum og töpuðu 3–4. Sigur vannst gegn Bólivíu í næsta leik, 3–0, áður en liðið tapaði 1–4 gegn Austurríki.

Liðið fór á Norðurlandamótið í byrjun ágúst og mætti þar Mexíkó í fyrsta leik.

Eftir venjulegan leiktíma var staðan 1–1, en Mexíkó vann leikinn 8–7 eftir vítakeppni. Næst mættu strákarnir Finnlandi og töpuðu þar 1–5. Ísland mætti því Færeyjum í síðasta leiknum þar sem leikið var um 7. sæti. Þeir léku vel þar og unnu góðan 6–0 sigur.

## Konur U16

Ísland tók þátt í UEFA móti í Króatíu í byrjun maí og vann liðið þar alla þrjá leiki sína með markatölunni 27–0. Fyrst mætti liðið Búlgaríu (6–0), svo Norður-Makedóníu (15–0) og loks Króatíu (6–0).

Stelpurnar fóru á Norðurlandamótið í byrjun júlí og hafnaði liðið í öðru sæti síns

riðils. Ísland gerði 3–3 jafntefli gegn Þýskalandi, vann Noreg 3–2 og gerði síðan 1–1 jafntefli við Danmörku í síðasta leiknum. Því lék liðið um bronsíð gegn Svíþjóð. Staðan var 2–2 eftir venjulegan leiktíma, en Svíar stóðu uppi sem sigurvegarar eftir vítakeppni, 5–4.

## Karlar U15

Ísland fór á UEFA mót í október, en leikið var í Póllandi. Liðið tapaði þar öllum þremur leikjum sínum, gegn Bandaríkjunum (1–2), Rússlandi (0–3) og Póllandi (0–4).

## Konur U15

Ísland vann tvo leiki og gerði eitt jafntefli á móti í Víetnam í byrjun september – gegn Hong Kong (8–0), Mjanmar (1–1) og Víetnam (2–0). Flott úrslit hjá stelpunum sem stóðu uppi sem sigurvegarar í lok móts.





— Mættu stórliðum

Stjarnan og Breiðablik mættu stórliðum Espanyol og PSG í Evrópukeppnum félagsliða.





### Meistaradeild UEFA – Konur

## Breiðablik mætti PSG í 16-liða úrslitum

Breiðablik lék í undankeppni Meistaradeildar kvenna og var í riðli með SFK 2000 Sarajevo, Asa Tel-Aviv og ZFK Dragon 2014. Breiðablik vann alla þrjá leiki sína í riðlinum, skoraði 18 mörk og fékk aðeins á sig tvö. Með því flaug liðið áfram í 32-liða úrslitin þar sem það mætti Sparta Prag frá Tékklandi. Breiðablik gerði sér lítið fyrir og vann báðar viðureignirnar gegn Tékkunum – 3-2 heima og 1-0 ytra.

Í 16-liða úrslitunum mættu þær svo stórlíði PSG frá Frakklandi. Fyrri leikurinn fór fram á Kópavogsvelli og endaði með 4-0 sigri PSG. Frakkarnir unnu svo einnig síðari leikinn, 3-1 og 7-1 samanlagt.

### Meistaradeild UEFA – Karlar

## Valsmenn mættu Maribor

Valur lék í undankeppni Meistaradeildarinnar og dróst þar gegn Maribor frá Slóveníu. Báðir leikirnir enduðu með sigri Maribor, 3-0 á Origovellinum að Hlíðar-enda og 2-0 í Slóveníu.

Vegna tapsins færðist liðið yfir í undankeppni Evrópuvæildarinnar og mætti þar Ludogorets frá Búlgaríu. Valsmenn voru grátlega nálægt því að vinna eins marks sigur á Origovellinum, en Búlgararnir jöfnuðu leikinn í uppbótartíma. Búlgararnir voru sterkari í síðari leiknum og unnu 4-0 sigur og Valur því úr leik.



### Evrópukeppni félagsliða í Futsal

## Vængir Júpíters annað árið í röð í Evrópukeppni

Annad árið í röð voru það Vængir Júpíters sem voru fulltrúar Íslands í Evrópukeppni félagsliða í Futsal. Liðið var þar í riðli með Omonia, Gazi Universitesi SK og SK Pinerola Bratislava. Vængir Júpíters töpuðu öllum leikjum sínum í riðlinum, 0-8 gegn SK Pinerola, 1-8 gegn Omonia og 1-6 gegn Gazi Universitesi.



Mynd: facebook.com/vaengirjupiters

### Unglingadeild UEFA

## ÍA mætti Derby County í 2. umferð

ÍA tók þátt í Unglingadeild UEFA sem Íslandsmeistarar í 2. flokki karla. Í fyrstu umferð mættu Skagamenn Levadia Tallin frá Eistlandi. Fyrri leikurinn fór fram á Norður-álsvellinum og lauk honum með 4-0 sigri heimamanna, en þeim síðari, sem fram fór ytra, lauk með 12-1 stórsigri ÍA, sem er stærsti sigur í sögu Unglingadeildar UEFA. Frábær frammistaða hjá Skagaliðinu og 16-1 samanlagður sigur staðreynd.



Í 2. umferð mættu Skagamenn Derby County frá Englandi. Fyrri leikur liðanna var leikinn á Víkingsvelli og var um að ræða spennandi leik sem lauk með 1-2 sigri

Derby. Síðari leikurinn fór fram á Pride Park og lokatölur urðu 4-1 fyrir Derby og ÍA því úr leik.

### Evrópuvæild UEFA

## Espanyol í Garðabæinn



Stjarnan mætti Levadia Tallinn frá Eistlandi í fyrstu umferð forkeppni Evrópuvæildarinnar. Fyrri leikur liðanna fór 2-1 fyrir Stjörnunni á Samsungvellinum í Garðabæ og því ljóst að spennandi viðureign var framundan í Eistlandi. Sá leikur var svo sannarlega hádrámatískur og fór hann í framlengingu. Það var Brynjar Gauti Guðjónsson sem tryggði Stjörnunni sæti í næstu umferð þegar hann skoraði á annarri mínútu uppbótartíma. Stjarnan fékk sannarlega ærið verkefni í annarri umferð, en Garðabæingar drógust gegn Espanyol frá Spáni. Fyrri leikur liðanna fór fram á RCDE Stadium í Barcelona og var staðan markalaus í hálfleik. Espanyol gekk þó á lagið í síðari hálfleik og skoraði

fjögur mörk. Liðin mættust svo viku síðar á Samsungvellinum og endaði leikurinn með 3-1 sigri Espanyol, samanlagt 7-1.

KR mætti Molde frá Noregi og fór fyrri leikurinn fram ytra. Norðmennirnir fóru á kostum í leiknum og unnu sannfærandi 7-1 sigur. KR spilaði mun betur í síðari leiknum og lauk leiknum á Meistaravöllum með markalausum jafntefli.

Breiðablik mætti Vaduz frá Liechtenstein og lauk fyrri leik liðanna með markalausum jafntefli, en hann var leikinn á Kópavogsvelli. Blikum tókst þó ekki að komast áfram þar sem Vaduz vann síðari leikinn 2-1.





### — Markaregn í sumar

Valur og KR urðu Íslandsmeistarar – Valur í kvennaflokki í fyrsta sinn síðan 2010 og KR í karlaflokki í fyrsta sinn síðan 2013.





### Pepsi Max deild — Konur

## Valur Íslandsmeistari

Valur fagnaði sigri í Pepsi Max deild kvenna árið 2019 – 11. Íslandsmeistaratitill félagsins í meistaraflokki kvenna og sá fyrsti síðan 2010. Liðið vann 16 af 18 leikjum sínum á tímabilinu, gerði tvö jafntefli og fór því taplaust í gegnum deildina. Það var þó ekki fyrr en í síðustu umferðinni sem Valskonur tryggðu sér titilinn. Breiðablik fylgdi Val fast eftir allt sumarið. Liðin mættust í næst síðustu umferðinni, en fyrir leikinn var Valur með tveggja stiga forskot á Blika. Fanndís Friðriksdóttir skoraði fyrsta mark leiksins fyrir Val og það leit lengi vel út fyrir að liðið myndi tryggja sér titilinn. Blikar voru ekki á því og Heiðdís Lillýardóttir jafnaði leikinn á 90. mínútu. Valur lét þessi úrslit ekki á sig fá, vann 3-2 sigur á Keflavík í lokaumferðinni og bikarinn fór á loft á Origovellinum í leikslok. Elín Metta Jensen úr Val var kosin leikmaður ársins af leikmönnum deildarinnar. Blikinn Berglind Björg Þorvaldsdóttir var mark-

hæst með 16 mörk. Hlín Eiríksdóttir úr Val var kosin efnilegust.

Breiðablik vann Meistarakeppni KSÍ með 5-0 sigri gegn Þór/KA og Lengjubikarinn með 3-1 sigri á Val.

Alls sóttu 19.497 áhorfendur leikina 90 í deildinni í sumar, eða 217 manns á leik að meðaltali. Um nokkra hækkun er að ræða milli ára, en árið á undan var meðalaðsóknin 186.

Breiðablik var að meðaltali með bestu aðsóknina, eða 408 áhorfendur á leik, og Íslandsmeistarar Vals voru með 340 áhorfendur að meðaltali. Best sótti leikurinn í sumar var einmitt viðureign þessara liða á Kópavogsvelli í 17. umferð, en þar mættu 1.206 áhorfendur, og næst best sótti leikurinn var viðureign sömu liða á Origovellinum, þar sem mættu 828 manns.


### Pepsi Max deild — Karlar

## KR-ingar meistarar

Pepsi Max deild karla 2019 fór skemmtilega af stað og voru nýliðar ÍA á toppnum eftir sex umferðir, höfðu unnið fimm leiki og gert eitt jafntefli. Eftir tvö töp í röð hjá Skagamönnum skutust KR-ingar á toppinn eftir 8. umferð og héldu toppsætinu allt til loka. Vesturbæingar settu í fluggírinn og voru komnir með sjö stiga forystu eftir aðeins 12 leiki. Þeir héldu vel dampi og enduðu tímabilið með 52 stig, heilum 14 stigum meira en Breiðablik sem varð í 2. sæti. Mikil spenna var hins vegar um sætin í undankeppni Evrópu- deildarinnar. Svo fór að Breiðablik og FH tryggðu sér lausu sætin og leika í undankeppni Evrópu- deildarinnar 2020.

KR-ingurinn Óskar Örn Hauksson var valinn leikmaður ársins af leikmönnum deildarinnar, en Gary Martin úr ÍBV var markahæstur með 14 mörk. Finnur Tómas Pálmason úr KR var kosinn efnilegastur.

Stjarnan vann Meistarakeppni KSÍ eftir 6-5 sigur í vítaspurnukeppni eftir markalausan leik gegn Val. Í Lengjubikarinn voru það KR-ingar sem lyftu bikarinn eftir 2-1 sigur gegn ÍA.



Alls mættu 134.354 áhorfendur á leiki Pepsi Max deilda karla á seinasta tímabili, eða 1.018 að meðaltali á hvern leik, og var um ræða fjölgun um 156 að meðaltali frá árinu 2018. Flestir mættu á heimaleiki Íslandsmeistara KR, eða að meðaltali 1.623 á hvern leik. Næst besta aðsóknin var á Kópavogsvöllum þar sem 1.318 manns að meðaltali sáu heimaleiki Breiðabliks. Flestir áhorfendur á stökum leik voru á viðureign Breiðabliks og KR í 11. umferð en þá mættu 3.012 á Meistaravelli.

### Mjólkurbikarinn

## Selfoss meistari í kvennaflokki og Víkingur R. í karlaflokki

Selfoss varð bikarmeistari í fyrsta sinn þegar liðið vann KR í úrslitaleik Mjólkurbikars kvenna. Víkingur R. varð bikarmeistari karla í fyrsta sinn síðan 1971 með sigri gegn FH í úrslitaleiknum á Laugardalsvelli.

Á leið sinni í úrslit Mjólkurbikars kvenna sló Selfoss út Stjörnuna, HK/Víking og Fylki á meðan KR vann Keflavík, Tindastól og Þór/KA. Staðan í úrslitaleiknum var 1-1 eftir venjulegan leiktíma. Gloria Douglas kom KR yfir í upphafi leiks, en Hólmfríður Magnúsdóttir jafnaði í fyrri hálfleik. Það var svo Þóra Jónsdóttir sem skoraði sigurmarkið

í framlengingu, á 102. mínútu leiksins, og fyrsti stóri titillinn í sögu Selfoss staðreynd.

Á leið sinni í úrslitaleik Mjólkurbikars karla sló Víkingur R. út KÁ, KA, ÍBV og Breiðablik. Á sama tíma sló FH út Val, ÍA, Grindavík og KR. Víkingar voru sterkari aðilinn framan af í úrslitaleiknum, en staðan var þó markalaus í hálfleik. Þegar 13 mínútur voru liðnar af síðari hálfleik kom fyrsta og eina mark leiksins þegar Óttar Magnús Karlsson skoraði af vítapunkturinum. Víkingar fögnuðu langþráðum bikarameistaratitli þegar lokaflautið gall.







## Pétur Guðmundsson og Gunnar Oddur Hafliðason voru valdir dómara ársins af leikmönnum í Pepsi Max deildum karla og kvenna.

### Dómara ársins

Pétur Guðmundsson var valinn besti dómari ársins af leikmönnum Pepsi Max deildar karla. Hann átti gott tímabil og dæmdi t.a.m. úrslitaleik Mjólkurbikars karla.

Gunnar Oddur Hafliðason var valinn besti dómari ársins af leikmönnum Pepsi Max deildar kvenna, en þetta er í fyrsta sinn sem hann hlýtur nafnbótina. Hann stóð sig vel í sumar og er vel að verðlaununum kominn.

### Nýliðaráðstefna fyrir FIFA dómara


Helgi Mikael Jónasson sótti nýliðaráðstefnu fyrir FIFA dómara í upphafi árs, en hún var haldin í Lissabon í Portugal. Hann var árið 2019 á sínu fyrsta ári sem FIFA dómari.

### VAR námskeið hjá UEFA

Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson, Gylfi Már Sigurðsson og Birkir Sigurðarson sóttu VAR námskeið hjá UEFA sem haldið var í Tyrklandi. Markmið þess var áframhaldandi þjálfun myndbandsdómara ásamt því að þjálfra og kynna verklag aðstoðardómara í myndbandsdómgæslu.

### Dæmdu í lokakeppni EM 2019 hjá U17 kvenna og karla

Rúna Kristín Stefánsdóttir var við störf í lokakeppni EM 2019 hjá U17 kvenna, en mótið var haldið í Búlgaríu. Gylfi Már Sigurðsson dæmdi í lokakeppni EM 2019 hjá U17 karla og fór það mót fram á Írlandi. Hann var t.a.m. við störf á leik Frakka og Ítala í undanúrslitum.



### Dæmdu í undankeppni EM 2020

Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson og Þorvaldur Árnason dæmdu báðir sinn leikinn hvor í undankeppni EM 2020. Vilhjálmur Alvar var að störfum á leik Möltu og Færeyja á meðan Þorvaldur dæmdi leik San Marínó og Rússlands.

### Dæmdu leiki í Unglingadeild UEFA

Þrír dómara dæmdu leiki í Unglingadeild UEFA og var Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson að störfum á þremur, þ.á.m. leik Chelsea og Monaco. Aðrir sem störfuðu við keppnina voru þeir Ívar Orri Kristjánsson og Helgi Mikael Jónasson.

### Dæmdu í Evrópu-deildinni

Þrír íslenskir dómara dæmdu í Evrópu-deildinni á árinu. Helgi Mikael Jónasson og Þorvaldur Árnason dæmdu leiki í forkeppninni á meðan Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson dæmdi leik F91 Dudelange og Sevilla í riðlakeppninni.



## Stjórn KSÍ

73. ársþing KSÍ var haldið á Hilton Reykjavík Nordica 9. febrúar 2019.

**Stjórn KSÍ var þannig skipuð að loknu ársþingi:**  
**Guðni Bergsson** *formaður*  
**Gísli Gíslason** *varaformaður*  
**Borghildur Sigurðardóttir** *varaformaður*  
**Ásgeir Ásgeirsson**  
**Haraldur Haraldsson**  
**Ingi Sigurðsson**  
**Magnús Gylfason**  
**Ragnhildur Skúladóttir**  
**Valgeir Sigurðsson**  
**Þorsteinn Gunnarsson**

**Varamenn í aðalstjórn:**  
**Guðjón Bjarni Hálfánarson**  
**Jóhann Torfason**  
**Þóroddur Hjaltalín**

**Landshlutafulltrúar**  
**Bjarni Ólafur Birkisson** *Austurland*  
**Jakob Skúlason** *Vesturland*  
**Björn Friðbjófnsson** *Norðurland*  
**Tómas Þóroddsson** *Suðurland*

Stjórn KSÍ hélt 11 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga). Fundargerðir stjórnar má sjá á vef KSÍ.

## Starfsfólk KSÍ 2019

**Klara Bjartmarz** *framkvæmdastjóri*  
**Arnar Bill Gunnarsson** *deildarstjóri fræðsludeildar*  
**Arnar Þór Viðarsson** *sviðsstjóri knattspyrnusviðs*  
**Birkir Sveinsson** *sviðsstjóri innanlandssviðs*  
**Bryndís Einarsdóttir** *fjármálastjóri*  
**Dagur Sveinn Dagbjartsson** *fræðsludeild*  
**Guðlaugur Gunnarsson** *innanlandssvið*  
**Gunnar Gylfason** *knattspyrnusvið*  
**Haukur Hinriksson** *innanlandssvið*  
**Jóhann Ó. Sigurðsson** *samskiptadeild*  
**Kristinn V. Jóhannsson** *vallarstjóri Laugardalsvallar*  
**Lúðvík Gunnarsson** *knattspyrnusvið*

**Magnús Már Jónsson** *innanlandssvið*  
**Margrét Elíasdóttir** *samskiptadeild*  
**Ómar Smáráson** *deildarstjóri samskiptadeildar*  
**Óskar Örn Guðbrandsson** *samskiptadeild*  
**Pjetur Sigurðsson** *innanlandssvið*  
**Ragnheiður Elíasdóttir** *knattspyrnusvið*  
**Stefán Sveinn Gunnarsson** *sviðsstjóri markaðssviðs*  
**Víðir Reynisson** *knattspyrnusvið*  
**Þorvaldur Ingimundarson** *innanlandssvið*

**Arnar Þór Viðarsson** var ráðinn yfirmaður knattspyrnusviðs KSÍ á árinu, en hann tók einnig við þjálfun U21 árs landsliðs karla.

## Trúnaðarstörf hjá UEFA og FIFA

**Guðni Bergsson**  
 Nefnd um mót landsliða  
*National Team Competitions Committee*  
 Aganefnd FIFA  
*FIFA Disciplinary Committee*  
 Stefnumótunarhópur UEFA  
*UEFA Strategy Steering committee*

**Viðar Halldórsson**  
 Nefnd um mót félagsliða  
*Club Competitions Committee*

**Guðrún Inga Sívertsen**  
 Nefnd UEFA um kvinnaknattspyrnu  
*UEFA Women's Football Committee*

**Lúðvík S. Georgsson**  
 Leyfisnefnd UEFA  
*UEFA Club Licensing Committee*

**Borghildur Sigurðardóttir**  
 Nefnd um markaðsmál og ráðgjöf  
*Marketing Advisory Committee*

**Klara Bjartmarz**  
 Nefnd UEFA um háttvísi og samfélagslega ábyrgð  
*Fair Play and Social Responsibility Committee*







Ed Sheeran hélt tvö tónleika á Laugardalsvelli.

Mynd: Kristinn Magnússon

## Ed Sheeran hélt tvo tónleika á Laugardalsvelli

Tónlistamaðurinn Ed Sheeran hélt tvö tónleika á Laugardalsvelli, 10. og 11. ágúst. Tónleikarnir voru afar vel sóttir, en árið 2018 fóru fram tónleikar með rokkhljómsveitinni Guns N' Roses á vellinum.

## Ráðstefna á vegum FIFA haldin á Laugardalsvelli

Í september sóttu 11 forsetar knattspyrnu-sambanda í Austur Afríku ráðstefnu í höfuðstöðvum KSÍ. Ráðstefnan, sem var skipulögð af FIFA, var fyrir CECAFA, svæðissamband Austur Afríku. Markmið hennar var að koma á samskiptum um þróun knattspyrnunnar almennt. Á ráðstefnunni gafst þátttakendum tækifæri til að kynnst uppbyggingu íslenskrar knattspyrnu, ásamt því að deila sinni reynslu með KSÍ og öðrum þátttakendum.

## Nýtt skipurit skrifstofu KSÍ

Á árinu var innleitt nýtt skipurit fyrir skrifstofu KSÍ. Skipuritið, sem er hluti af stefnumótunarvinnu fyrir skrifstofuna sem unnin var í samstarfi við ráðgjafafyrirtækið Expectus, skiptist í kjarnasvið (innanlandssvið og knattspyrnusvið), tekjusvið (markaðssvið), stoðdeildir (fjármála- og rekstrardeild, samskiptadeild og fræðsludeild) og yfirstjórn (framkvæmdastjóri).

## Sótti sérstakt lögfræðinám á vegum UEFA

Haukur Hinriksson, lögfræðingur á skrifstofu KSÍ, var í hópi 24 þátttakenda í sérstöku lögfræðinám á vegum Knattspyrnu-sambands Evrópu, UEFA. Námið fjallaði m.a. um alþjóðlegar félagaskiptareglur, CAS áfrýjunardómstólinn og ýmis önnur verkefni um lög og reglugerðir í alþjóðlegri knattspyrnu.


## Vefur KSÍ hlaut Íslensku vefverðlaunin

Nýr vefur KSÍ, sem var settur í loftið árið 2018, hlaut Íslensku vefverðlaunin 2019 fyrir "bestu efnis- og fréttaveitu". Advania, sem er einn af bakhjörllum KSÍ, sá um greiningu, hönnun og forritun á vefnum. Það eru Samtök vefiðnaðarins (SVEF) sem standa að Íslensku vefverðlauninum, en verðlaunin eru veitt á sérstakri hátið, sem ætlað er að efla iðnaðinn, verðlauna bestu vefina og hvetja þá sem starfa á þessum vettvangi til dáða.

Á vef KSÍ, sem er fyrst og fremst þjónustu- og upplýsingavefur, er að finna gríðarlegt magn af upplýsingum um allt hvaðeina sem viðkemur íslenskri knattspyrnu og knattspyrnuþróttinni almennt. Kjarnahluti vefsins, og sá hluti sem lang mest er sóttur af notendum, er mótahlutinn og mótatengdar síður (gagnagrunnur), en hönnun og virkni þess hluta byggir á eldri vef KSÍ.

## Stubbur – nýtt miðasöluapp fyrir Pepsi Max og Inkasso deildirnar

KSÍ og ÍTF í samstarfi við Pez ehf. gáfu út miðasölu-appið Stubb, sem auðveldaði stuðningsmönnum að kaupa miða á leiki í Pepsi Max og Inkasso deildunum, ásamt því að stuðningsmenn geta fylgt þar sínu liði. Stubbur er í stöðugri þróun og fyrir keppnistímabilið 2020 munu félög geta selt ársmiða í gegnum Stubb, og komið ýmsum mikilvægum skilaboðum á framfæri við sína fylgjendur – t.d. í aðdraganda leikja og jafnvel meðan á leik stendur. Að auki verður útgáfa aðgönguskirteina færð í Stubb og verða skirteinin þ.a.l. á rafrænu formi.



## „Ekki harka af þér höfuðhögg“

KSÍ og ÍSÍ unnu í samstarfi fræðslumyndbönd tengd höfuðhöggum í íþróttum og mögulegar afleiðingar þeirra. Annars vegar var um að ræða viðtalsmyndbönd við Heiðrúnu Söru Guðmundsdóttur og Elfar Árna Aðalsteinsson. Hins vegar voru gerð tvö grafísk myndbönd með mikilvægum upplýsingum. Myndböndin, sem voru birt reglulega yfir árið á miðlum KSÍ, vöktu mikla athygli á viðfangsefninu.

## Úthlutað til 14 verkefna úr mannvirkjasjóði

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum í maí úthlutun úr mannvirkjasjóði KSÍ. Þetta var í tólfta skiptið sem úthlutað er úr sjóðnum, en ný reglugerð um sjóðinn tók gildi í byrjun árs 2012. Alls var úthlutað til 14 verkefna, samtals 52 milljónir.

## KSÍ samdi við Brandenburg

KSÍ samdi á árinu við auglýsingastofuna Brandenburg um stuðning við mótun, uppbyggingu og þróun á vörumerkjum sambandsins. Áður hafði KSÍ verið um árabíl í farsælu samstarfi við Pipar/TBWA.

## Vængir Júpíters og Selfoss Íslandsmeistarar í innanhússknattspyrnu

Vængir Júpíters unnu 4-3 sigur á Augnabliki í úrslitaleik karla um Íslandsmeistararitilinn í Futsal-innanhússknattspyrnu. Leikið var í fimm riðlum í undankeppni og svo úrslitakeppni í Laugardalshöll.

Selfoss varð Íslandsmeistari innanhúss í kvennaflokki. Aðeins þrjú lið tóku þátt í kvennaflokki, en auk Selfoss voru það Álftanes og Hvíti Riddarinn. Leiknar voru tvær umferðir - fyrri umferðin á Álftanesi og sú seinni á Selfossi.

## Fræðsluverkefni UEFA – UEFA Study Group Scheme

KSÍ tók áfram þátt í stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA á árinu sem nefnist UEFA Study Group Scheme. Verkefnið snýst um að kynnst ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum knattspyrnusamböndum innan Evrópu.

## Metfjöldi fræðsluviðburða

KSÍ hélt 41 fræðsluviðburð á árinu, sem er met á einu ári, fyrir 1.092 þátttakendum. KSÍ býður upp á fjórar þjálfaragráður; KSÍ A þjálfaragráðu, KSÍ B þjálfaragráðu, KSÍ Markmannspjálfaragráðu og KSÍ Afreksþjálfun unglinga.

## Erlend samskipti

Fulltrúar KSÍ sóttu fjölmargar ráðstefnur á árinu, en hér fyrir neðan eru þær helstu:

- Arnar Þór Viðarsson sótti námskeið í ágúst á vegum UEFA fyrir Technical Directors.
- Fjölmargir erlendir aðilar komu hingað til lands til að kynna sér íslenska knattspyrnu.
- Arnar Bill Gunnarsson og Dagur Sveinn Dagbjartsson fóru á ráðstefnu fræðsludeilda aðildasambanda UEFA á Kýpur í lok nóvember.

## Áfangaleikir

Á árinu 2019 fóru tólf leikmenn yfir áfangaleiki samkvæmt reglugerð um heiðursviðurkenningar.

Þrjú leikmenn fóru yfir 100 leiki með A landsliði kvenna og voru það þær Hallbera Guðný Gísladóttir, Fanndís Friðriksdóttir og Raket Hönnadóttir. Raket var sú síðasta af þeim sem náði þessum áfanga og varð þar með tíundi leikmaðurinn til að bæstast í hópinn.

Kolbeinn Sigþórsson lék fimmtugasta landsleik sinn á árinu og átta leikmenn fóru yfir 25 leiki með A landsliðum karla og kvenna.

**100 leikir**  
Hallbera Guðný Gísladóttir  
Fanndís Friðriksdóttir  
Raket Hönnadóttir

**50 leikir**  
Kolbeinn Sigþórsson

**25 leikir**  
Sandra Sigurðardóttir  
Sandra María Jessen  
Ingibjörg Sigurðardóttir  
Agla María Albertsdóttir  
Hörður Björgvin Magnússon  
Rúnar Már Sigurjónsson  
Viðar Örn Kjartansson  
Arnór Smárason





### Knattspyrnufólk ársins 2019

## Gylfi Þór og Sara Björk

Leikmannaval KSÍ valdi Gylfa Þór Sigurðsson og Söru Björk Gunnarsdóttur knattspyrnufólk ársins 2019. Þetta var í 16. sinn sem knattspyrnufólk ársins var sérstaklega útnefnt af KSÍ og voru það fjölmargir aðilar, m.a. fyrrverandi landsliðsmenn, þjálfarar og forystufólk í knattspyrnuhreyfingunni, sem völdu.

Þetta er í áttunda árið í röð sem Gylfi fær þessa viðurkenningu og fimmta sinn í röð sem Sara fær hana. Jóhann Berg Guðmundsson var annar í kjörinu á knattspyrnumanni ársins og Ragnar Sigurðsson þriðji. Glódís Perla Viggósdóttir var í öðru sæti í kjöri knattspyrnukonu ársins og Elín Metta Jensen í því þriðja.

### Knattspyrnumaður ársins

Gylfi Þór Sigurðsson er Knattspyrnumaður ársins í áttunda skipti, en hann hefur hlotið nafnbótina frá árinu 2012. Gylfi Þór leikur með Everton í ensku úrvalsdeildinni og hefur verið þar lykilmáður undanfarin ár. Liðið endaði í 8. sæti á síðasta tímabili, þar

sem Gylfi lék 38 leiki, skoraði í þeim 13 mörk og gaf sex stoðsendingar.

Gylfi var að venju lykilmáður í íslenska landsliðinu, lék tíu leiki með Íslandi á árinu og skoraði í þeim tvö mörk. Liðið tryggði sér sæti í umspili fyrir lokakeppni EM 2020 þar sem það mætir Rúmeníu í undanúrslitum í mars á Laugardalsvelli.

### Knattspyrnukona ársins

Sara Björk Gunnarsdóttir er Knattspyrnukona ársins í sjötta skipti og fimmta árið í röð, en hún er einn af mikilvægustu leikmönnum Wolfsburg og vann þar bæði deild og bikar á síðastliðnu tímabili, þriðja árið í röð. Sara er fyrirliði íslenska landsliðsins og á liðnu ári lék hún níu leiki með liðinu og skoraði eitt mark, gegn Skotlandi á Algarve Cup.

### Beinar útsendingar

## Sýnt frá 151 leik

Alls var sýnt beint frá 151 leik í mótum ársins 2019 og er það fjölgun um þrettán leiki á milli ára. Beinar útsendingar frá Pepsi Max-deild karla á Stöð 2 Sport voru 69 talsins, en árið á undan var sýnt frá 66 leikjum. Í Pepsi Max-deild kvenna voru 19 leikir í beinni útsendingu, en voru 18 árið 2018. Alls voru 23 leikir sýndir beint frá Inkasso-deild karla, níu frá Inkasso-deild

kvenna, 10 leikir frá Lengjubikar karla og einn frá Lengjubikar kvenna. Stöð 2 Sport sýndi beint frá alls 13 leikjum í Mjólkurbikar karla, sem er fjölgun um fjóra frá 2018. Fimm leikir voru sýndir beint frá Mjólkurbikar kvenna, og er það á pari við 2018. Stöð 2 Sport sýndi einnig frá leikjum íslenskra liða í Evrópu-deildinni og Meistaradeild Evrópu.

Efsta deild – beinar útsendingar			Inkasso-deild – beinar útsendingar		
Ár	Karlar	Konur	Ár	Karlar	Konur
2019	69	19	2019	23	9
2018	66	18	2018	21	0
2017	73	19	2017	22	–
2016	72	20	2016	22	–
2015	27	19	2015	26	–
2014	29	24	2014	27	–
2013	26	18	2013	19	–
2012	25	17	2012	22	–

### Meðaltal marka

## Fleiri mörk skoruð 2019 en 2018

Í Pepsi Max deild karla síðastliðið sumar voru skoruð 412 mörk í leikjunum 132 eða tæplega þrjú mörk í leik, sem er 22 mörkum fleiri en árið 2018.

Mörkunum í Pepsi Max deild kvenna fjölgaði á milli ára. Árið 2019 voru skoruð 310 mörk í leikjunum 90, 19 fleiri en árið 2018.

Meðaltal marka í efstu deild		
Ár	Karlar	Konur
2019	3,1	3,4
2018	3,0	3,2
2017	3,0	3,0
2016	2,7	2,9
2015	2,9	3,6
2014	3,0	3,5
2013	3,1	3,8
2012	3,2	4,1





#### Barna- og unglíngastarf

## 120 milljónir króna til barna- og unglíngastarfs

Hluti þeirra tekna sem UEFA hafði af Meistaradeild Evrópu keppnistímabilið 2018/2019 rann til félaga í öllum aðildarlöndum UEFA til eflingar knattspyrnu barna og unglínga. Uppgjör vegna Meistaradeildar Evrópu sem lauk vorið 2019 fór fram um haustið og fengu félög í Pepsi Max deild karla um 60 milljónir í sinn hlut til barna- og unglíngastarfs.

Stjórn KSÍ samþykkti að leggja til um 60

milljónir króna til viðbótar til barna- og unglíngastarfs sem skiptist á milli aðildarfélaganna í öðrum deildum og utan deilda. Skipting á framlagi var þá með þeim hætti að félög úr Pepsi Max deild karla fengu rúmar 5 milljónir króna, félög úr Pepsi Max deild kvenna og Inkasso-deildum karla og kvenna fengu 2.300.000 kr., félög úr 2. deild karla fengu 1.450.000 kr., en önnur félög í deildarkeppni og sameiginleg lið í efri deildum fengu 950.000 kr.

Úthlutun var háð því að félög hefðu haldið úti starfsemi í yngri flokkum og urðu félög utan deildarkeppni og félög sem ekki héldu úti starfsemi hjá báðum kynjum að sækja sérstaklega um framlag. Samtals var því framlag til barna- og unglíngastarfs fyrir árið 2019 um 120 milljónir króna.

## 176,8 milljónir fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi

Félög í Pepsi Max deildum, Inkasso-deildum og Mjólkurbikar fengu sérstakar greiðslur fyrir sjónvarpsréttindi, að upphæð samtals 176,8 milljónir króna. Innifalið í þessari tölu er verðlaunafé samkvæmt töflunni hér fyrir aftan.

#### Pepsi Max deild karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	KR	1.000.000
2	Breiðablik	700.000
3	FH	500.000
4	Stjarnan	300.000
5	KA	300.000
6	Valur	300.000
7	Víkingur R.	300.000
8	Fylkir	300.000
9	HK	200.000
10	ÍA	200.000
11	Grindavík	200.000
12	ÍBV	200.000

#### Pepsi Max deild kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	Valur	1.000.000
2	Breiðablik	700.000
3	Selfoss	500.000
4	Þór/KA	300.000
5	Stjarnan	300.000
6	Fylkir	300.000
7	KR	300.000
8	ÍBV	300.000
9	Keflavík	200.000
10	HK/Víkingur	200.000

#### Mjólkurbikar karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	Víkingur R.	1.000.000
2	FH	500.000
3-4	Breiðablik	300.000
3-4	KR	300.000
5-8	Fylkir	200.000
5-8	Njarðvík	200.000
5-8	Grindavík	200.000
5-8	ÍBV	200.000
9-16	Þróttur R.	137.500
9-16	HK	137.500
9-16	ÍA	137.500
9-16	Völsungur	137.500
9-16	Fjölínir	137.500
9-16	Keflavík	137.500
9-16	Vestri	137.500
9-16	KA	137.500

#### Mjólkurbikar kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	Selfoss	1.000.000
2	KR	500.000
3-4	Fylkir	300.000
3-4	Þór/KA	300.000

#### Lengjubikarinn

A-deild karla	KR	500.000
B-deild karla	Selfoss	300.000
C-deild karla	Snæfell	200.000
A-deild kvenna	Breiðablik	500.000
B-deild kvenna	Fylkir	300.000
C-deild kvenna	Þróttur R.	200.000

#### Inkasso-deild karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	Gróttá	1.000.000
2	Fjölínir	700.000
3	Leiknir R.	500.000
4	Víkingur Ó.	300.000
5	Keflavík	300.000
6	Þór	300.000
7	Fram	300.000
8	Afturelding	300.000
9	Magni	200.000
10	Þróttur R.	200.000
11	Haukar	200.000
12	Njarðvík	200.000

#### Inkasso-deild kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	Þróttur R.	1.000.000
2	FH	700.000
3	Tindastóll	500.000
4	Haukar	300.000
5	Afturelding	300.000
6	Augnablik	300.000
7	Fjölínir	300.000
8	ÍA	300.000
9	Grindavík	200.000
10	ÍR	200.000



## Um 288 milljónir vegna þátttöku í UEFA keppnum

Valur fékk um 108 milljónir kr. (800.000 evrur) fyrir Íslandsmeistaratitilinn, þátttöku í undankeppni Meistaradeildar Evrópu (UEFA Champions League) og undankeppni Evrópudeildarinnar (UEFA Europa League). Breiðablik, KR og Stjarnan léku í forkeppni Evrópudeildar UEFA. Breiðablik og KR fengu í sinn hlut 32,4 milljónir kr. (240.000 evrur) og Stjarnan 67,6 milljónir kr. (500.000 evrur).

Breiðablik fékk um 24 milljónir kr. (172.000 evrur) vegna þátttöku í Meistaradeild kvenna (UEFA Women's Champions League). ÍA tók þátt í Unglingadeild UEFA (UEFA Youth League) og fékk styrk frá UEFA að upphæð 3,4 milljónir kr. (25.000 evrur).

Að lokum skal þess getið að Valur, FH, ÍBV og Stjarnan fengu hlutdeild í tekjum sem voru umfram áætlun vegna Evrópumóta 2017/2018. Valur fékk 6,6 milljónir kr. (49.610 evrur), FH og Stjarnan fengu 3,1 milljón kr. (23.160 evrur) og ÍBV fékk 1,5 milljónir kr. (11.120 evrur). UEFA hefur einnig greitt fyrir Financial Fair Play sjóði. Fyrir tímabilið 2017/2018 fengu FH, Valur, Stjarnan og KR 770 þúsund kr. (5.430 evrur) hvert. Fyrir tímabilið 2018/2019 fengu Valur, ÍBV, Stjarnan og FH 855 þúsund kr. (6.350 evrur) hvert.

## Greiðslur vegna þátttöku leikmanna á HM 2019

KR og Selfoss fengu greiðslur frá FIFA vegna þátttöku Betsy Doon Hassett og Nicole McClure á HM í Frakklandi. KR fékk 6.811 dollara og Selfoss 750 dollara.

## Ferðapátttökugjald

Félög sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokks greiða kílómetragjald sem reiknað er af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils, skv. vegalengd milli leikstaða í hverri deild fyrir sig og í hverjum riðli fyrir sig, þar sem við á. Upphæðin er nettókostnaður á hvert félag. Félög sem eignast inneign komast hjá greiðslu gjaldsins, en þau skulu fá inneign greidda skv. útreikningum mótanefndar. Sett var bráðabirgðaákvæði fyrir keppnistímabilið 2018 sem sagði til um að þau félög sem þyrftu að greiða gjaldið greiddu að hámarki 75.000 kr. á lið. KSÍ lagði svo til það fjármagn sem upp á vantaði. Alls voru greiddar til félaga tæpar 14,3 milljónir kr., rúmar 8 milljónir voru greiddar af aðildarfélögum, en KSÍ lagði fram rúmar 6,1 milljónir. Hér má sjá lista yfir þau félög sem fengu greitt vegna ferðakostnaðar.

Pepsi Max deild karla	
Félag	Upphæð
KA	1.226.067
ÍBV	381.667
<b>Samtals</b>	1.607.734

Inkasso-deild karla	
Félag	Upphæð
Magni	956.467
Þór	818.467
Víkingur Ó.	282.867
<b>Samtals</b>	2.057.801

2. deild karla	
Félag	Upphæð
Vestri	753.800
Fjarðabyggð	688.600
Leiknir F.	643.000
Völsungur	53.000
<b>Samtals</b>	2.138.400

3. deild karla	
Félag	Upphæð
Höttur/Huginn	905.800
Einherji	887.400
Sindri	527.800
KF	344.600
<b>Samtals</b>	2.665.600

4. deild karla	
Félag	Upphæð
Samherjar	745.800
Hörður	381.500
Kormákur/Hvöt	223.200
Snæfell	163.200
KFS	98.314
<b>Samtals</b>	1.612.014

Pepsi Max deild kvenna	
Félag	Upphæð
Þór/KA	954.120
ÍBV	271.320
<b>Samtals</b>	1.225.440

Inkasso-deild kvenna	
Félag	Upphæð
Tindastóll	767.240
<b>Samtals</b>	767.240

2. deild kvenna	
Félag	Upphæð
Sindri	132.429
Fjarðabyggð/Höttur/Leiknir	84.429
<b>Samtals</b>	216.858

## 128,5 milljóna framlag til aðildar- félaga 2020

Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2019 voru rúmar 1.500 mkr., eða um 20 milljónum hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstrarkostnaður var einnig hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir, eða tæplega 1.342 mkr. Rekstrahagnaður ársins fyrir ráðstöfun til aðildarfélaga var tæpar 70 mkr., en á árinu ráðstafaði KSÍ rúmum 120 milljónum króna beint til aðildarfélaga, vegna styrkja til barna- og unglíngastarfs, leyfiskerfis og fleiri verkefna. Tap samstæðu Knattspyrnu-sambands Íslands á árinu 2019 nam því um 50 mkr. Samkvæmt efnahagsreikningi samstæðunnar nema eignir um 1.393 mkr. og bókfært eigið fé í árslok er um 696 mkr.

Í fjárhagsáætlun 2020 er gert ráð fyrir að framlög til aðildarfélaga verði 128,5 mkr. en var rúmar 120 mkr. árið 2019. Framlag

KSÍ til barna-og unglíngastarfs er áætlað 60 mkr., greiðslur vegna leyfiskerfis rúmar 30 mkr., verðlaunafé móta rúmar 17 mkr. og þá er gert ráð fyrir að hlutur KSÍ vegna ferðapátttökugjalds hækki úr rúmum 6 mkr. 2019 í 12,6 mkr. árið 2020.

Rekstraráætlun ársins 2020 gerir ráð fyrir 65 mkr. tapi. Helstu skýringar eru 91 mkr. kostnaður vegna áhrifa umspils í mars og aukinn kostnaður við rekstur Laugardalsvallar og landsliða. Við gerð rekstraráætlunar var litið til rekstrar sambandsins til loka ársins 2023 og þær sveiflur sem einkenna rekstrarumhverfi sambandsins metnar. Það er markmið KSÍ að ná hagstæðari samningum við Reykjavíkurborg vegna reksturs Laugardalsvallar og lækka rekstrarkostnað.



# Knattspyrnusamband Íslands

---

Ársreikningur samstæðu

---

**2019**

Knattspyrnusamband Íslands  
Laugardalsvelli  
104 Reykjavík  
kt. 700169-3679

---



# Knattspyrnusamband Íslands

---

Ársreikningur samstæðu

---

**2019**

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðra endurskoðenda	2-3
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-13
Sundurliðanir	14-15

---



# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til stjórnar Knattspyrnusambands Íslands

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Knattspyrnusambands Íslands fyrir árið 2019. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Knattspyrnusambandi Íslands í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla Knattspyrnusambands Íslands að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun endurskoðenda.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við látum ekki í ljós staðfestingu eða ályktun, í neinu formi, vegna þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar, berum við ábyrgð á að lesa ofangreindar aðrar upplýsingar og hugleiða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þá þekkingu sem við höfum aflað við endurskoðunina, eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur.

Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að verulegar skekkjur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreiknings eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Knattspyrnusambands Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar sé eða samanlagðar.



# Áritun óháðra endurskoðenda

---


Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitungum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og videigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna videigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sambandsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu videigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á videigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sambandsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn og framkvæmdastjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 13. febrúar 2020

Deloitte ehf.

  
Birna María Sigurðardóttir,  
endurskoðandi

  
Kristján Þór Ragnarsson,  
endurskoðandi



# Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir nefnt KSÍ) eru heildarsamtök knattspyrnufélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum innan Íþróttasambands Íslands. KSÍ er aðili að alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA og Knattspyrnsambandi Evrópu UEFA. KSÍ og tengdir aðilar eru öll með aðsetur á Laugardalsvelli. Fjöldi ársverka á reikningsárinu á skrifstofu voru 18.

Tap samstæðu Knattspyrnusambands Íslands á árinu 2019 nam um 50,5 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi samstæðunnar nema eignir um 1.392,6 m.kr. og bókfært eigið fé í árslok er um 696 m.kr. Stjórn félagsins leggur til að tap ársins verði flutt yfir á næsta ár.

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Knattspyrnusambands Íslands koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri KSÍ staðfesta hér með samstæðuársreikning KSÍ fyrir árið


Reykjavík, 13. febrúar 2020

## Stjórn og framkvæmdastjóri



Guðni Bergsson

formaður




Gísli Gíslason

varaformaður

Ásgeir Ásgeirsson




Ragnhildur Skúladóttir



Borghildur Sigurðardóttir

varaformaður




Klara Bjartmarz

framkvæmdastjóri



Haraldur Haraldsson



Þorsteinn Gunnarsson





# Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	Raun 2019	Áætlun 2019	Raun 2018
Styrkir og framlög .....		904.370.979	912.059.420	1.813.505.364
Tekjur af landsleikjum .....		189.640.527	148.275.000	240.497.883
Sjónvarpsréttur .....		258.240.000	275.000.000	265.943.880
Aðrar tekjur .....		103.793.796	86.282.000	61.128.150
Rekstrartekjur Laugardalsvallar .....	12	44.387.038	59.800.000	50.228.445
		<u>1.500.432.340</u>	<u>1.481.416.420</u>	<u>2.431.303.722</u>
Kostnaður við landslið .....		(731.650.042)	(643.952.187)	(1.259.567.344)
Mótakostnaður .....		(218.018.160)	(217.025.125)	(210.566.627)
Fræðslukostnaður .....		(52.154.020)	(52.333.199)	(45.116.623)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(288.315.679)	(276.358.555)	(264.714.725)
Húsnæðiskostnaður .....		(23.552.661)	(29.900.000)	(25.705.434)
Annar rekstrarkostnaður .....		(11.233.497)	(7.500.000)	(13.512.567)
Rekstrargjöld Laugardalsvallar .....	12	(101.328.117)	(88.459.190)	(83.560.717)
Afskriftir fastafjármuna .....	6	(32.425.399)	(26.258.043)	(26.258.043)
		<u>(1.458.677.575)</u>	<u>(1.341.786.299)</u>	<u>(1.929.002.080)</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		41.754.765	139.630.121	502.301.642
Styrkir vegna mannvirkjasjóðs .....		41.450.000	71.000.000	40.000.000
Kostnaður vegna mannvirkjasjóðs .....		(41.450.000)	(71.000.000)	(40.000.000)
Fjármunatekjur .....	4	26.810.386	15.000.000	25.078.128
Fjármagnsgjöld .....	5	(6.760.485)	(4.500.000)	(7.085.307)
Gengismunur .....		7.750.182	0	18.073.883
<b>Hagnaður fyrir ráðstöfun til aðildarféлага</b>		69.554.848	150.130.121	538.368.346
Ráðstöfun til aðildarféлага .....	13	(120.024.501)	(120.500.000)	(331.171.706)
<b>(Tap)/Hagnaður ársins</b>		<u>(50.469.653)</u>	<u>29.630.121</u>	<u>207.196.640</u>



# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	345.092.277	334.714.265
Eignarhlutar í félögum .....		37.500	0
		<u>345.129.777</u>	<u>334.714.265</u>
<b>Veltufjármunir</b>	7		
Viðskiptakröfur .....		250.352.260	159.972.156
Aðrar skammtímakröfur .....		16.207.977	1.429.904
Handbært fé .....		780.860.055	850.681.792
		<u>1.047.420.292</u>	<u>1.012.083.852</u>
<b>Eignir</b>		<u>1.392.550.069</u>	<u>1.346.798.117</u>
<b>Eigið fé</b>	8		
Óráðstafað eigið fé .....		695.985.629	746.455.284
Eigið fé		<u>695.985.629</u>	<u>746.455.284</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	9	21.800.042	37.450.151
		<u>21.800.042</u>	<u>37.450.151</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	9	486.601.508	240.933.907
Viðskiptaskuldir .....	10	69.811.627	113.371.845
Aðrar skammtímaskuldir .....	10	118.351.263	208.586.930
		<u>674.764.398</u>	<u>562.892.682</u>
Skuldir		<u>696.564.440</u>	<u>600.342.833</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>1.392.550.069</u>	<u>1.346.798.117</u>



## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		41.754.765	502.301.642
Afskriftir .....	6	32.425.399	26.258.043
Söluhagnaður fastafjármuna .....		(2.427.881)	0
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>71.752.283</b>	<b>528.559.685</b>
Rekstrartengdar eignir, hækkun .....		(105.158.177)	(12.604.891)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun (lækkun) .....		96.221.606	(6.297.790)
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>62.815.712</b>	<b>509.657.004</b>
Innborgaðar vaxtatekjur og gengismunur .....	4	34.560.568	43.152.011
Greidd vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur .....	5	(6.760.485)	(7.085.307)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>90.615.795</b>	<b>545.723.708</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	(40.375.531)	(47.871.273)
Keyptir eignarhlutar .....		(37.500)	0
		<b>(40.413.031)</b>	<b>(47.871.273)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Ráðstöfun til aðildarféлага .....	13	(120.024.501)	(331.171.706)
		<b>(120.024.501)</b>	<b>(331.171.706)</b>
(Lækkun) Hækkun handbærs fjár .....		(69.821.737)	166.680.729
Handbært fé í upphafi árs .....		850.681.792	684.001.063
Handbært fé í lok árs .....		<b>780.860.055</b>	<b>850.681.792</b>



# Skýringar

## 1. Starfsemi

Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir nefnt KSÍ) eru heildarsamtök knattspyrnufélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum Íþróttasambands Íslands. KSÍ er aðili að alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA og Knattspyrnsambandi Evrópu UEFA. KSÍ og tengdir aðilar eru öll með aðsetur á Laugardalsvelli.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur KSÍ fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Samstæða

Ársreikningur KSÍ samstæðunnar tekur til ársreikninga KSÍ, KSÍ ehf., KSÍ-íslensk knattspyrna ehf. og KSÍ-Laugardalsvallar.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna.

### Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá KSÍ. Sjá nánar skýringu 11.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Hluti tekna KSÍ hafa verið greiddur fyrirfram og eru tekjurnar innleystar í rekstrarreikningi á því tímabili sem þær tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2019	2018	31.12.2019	31.12.2018
Evra (EUR) .....	137,30	127,73	135,83	133,23
Bandaríkjadalur (USD) .....	122,65	108,38	121,10	116,33



# Skýringar

## 2. Reiknings-skilaaðferðir (framhald)

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, nema skrifstofur og fræðslusetur KSÍ en þar eru styrkir sem KSÍ fékk vegna byggingarinnar dregnir frá kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu og gengismunar. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sambandið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Laun og launatengd gjöld skrifstofu

	2019	2018
Laun .....	171.546.144	146.039.822
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	22.710.510	19.315.139
Önnur launatengd gjöld .....	25.771.020	18.468.068
	<u>220.027.674</u>	<u>183.823.029</u>

Laun og bifreiðastyrkur til formanns námu um 17,4 m.kr. og til framkvæmdastjóra um 15,8 m.kr.

Ársverk að meðaltali ..... 18 17

## 4. Fjármunatekjur

	2019	2018
Vaxtatekjur .....	26.810.386	25.078.128
	<u>26.810.386</u>	<u>25.078.128</u>



# Skýringar

## 5. Fjármagnsgjöld

	2019	2018
Fjármagnstekjuskattur af vöxtum .....	(2.927.213)	(9.072.742)
Vaxtagiöld og bankakostnaður .....	(3.833.272)	1.987.435
	<u>(6.760.485)</u>	<u>(7.085.307)</u>

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Skrifstofur og fræðslusetur	Bifreiðar	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun .....	260.088.579	11.412.309	266.700.050	538.200.938
Eignfært á árinu .....	900.000	0	41.903.412	42.803.412
Selt á árinu .....	0	(2.427.881)	0	(2.427.881)
Staða í árslok .....	<u>260.988.579</u>	<u>8.984.428</u>	<u>308.603.462</u>	<u>578.576.469</u>
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun .....	32.138.458	11.412.309	159.935.905	203.486.672
Afskrift ársins .....	2.600.886	0	29.824.513	32.425.399
Selt á árinu .....	0	(2.427.881)	0	(2.427.881)
Staða í árslok .....	<u>34.739.344</u>	<u>8.984.428</u>	<u>189.760.418</u>	<u>233.484.190</u>
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	227.950.121	0	106.764.145	334.714.265
Bókfært verð í árslok .....	<u>226.249.235</u>	<u>0</u>	<u>118.843.044</u>	<u>345.092.277</u>
Afskriftarhlutföll .....	1%	20%	0-35%	
Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:			Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Skrifstofur og fræðslusetur .....			294.250.000	690.000.000

## 7. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	31.12.2019	31.12.2018
Innlendar viðskiptakröfur .....	85.416.464	89.080.825
Erlendar viðskiptakröfur .....	166.620.796	72.576.331
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	(1.685.000)	(1.685.000)
	<u>250.352.260</u>	<u>159.972.156</u>

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2019	31.12.2018
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	12.025.682	1.073.543
Aðrar kröfur .....	4.182.295	356.361
	<u>16.207.977</u>	<u>1.429.904</u>



# Skýringar

## 7. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum

	31.12.2019	31.12.2018
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	768.160.439	769.821.193
Bankainnstæður í erlendri mynt .....	10.618.746	79.655.967
Sjóður .....	2.080.870	1.204.632
	<u>780.860.055</u>	<u>850.681.792</u>

## 8. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé greinist þannig:

	Fjárhæð
Staða 1.1.2018 .....	539.258.644
Hagnaður ársins 2018 .....	<u>207.196.640</u>
Staða 1.1.2019 .....	746.455.284
Hagnaður ársins 2019 .....	<u>(50.469.653)</u>
	<u>695.985.629</u>

## 9. Fyrirframinnheimtar tekjur

KSÍ gerði samning um sjónvarpsrétt við Sýn hf. (áður 365 hf.) árið 2016 sem gildir til 2021.

UEFA greiddi KSÍ á árinu 2016 fyrirfram 1,2 milljónir evra sem tekjufærðar eru með jöfnum hætti fram til ársins 2020.

### Fyrirframinnheimtar tekjur sundurliðast með eftirfarandi hætti

	31.12.2019	31.12.2018
Fyrirframgreiðslur vegna sölu á sjónvarpsrétti og öðrum réttindum .....	10.000.000	15.000.000
Fyrirframinnheimtar tekjur UEFA/FIFA .....	498.401.550	263.384.058
Tekjur 2020/2019 vegna sjónvarpsréttar og UEFA/FIFA framlaga .....	<u>(486.601.508)</u>	<u>(240.933.907)</u>
Fyrirframinnheimtar tekjur, langtímahluti í árslok .....	<u>21.800.042</u>	<u>37.450.151</u>

## 10. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Innlendar viðskiptaskuldir .....	68.860.818	101.071.920
Erlendar viðskiptaskuldir .....	950.809	12.299.925
	<u>69.811.627</u>	<u>113.371.845</u>



# Skýringar

## 10. Aðrar peningalegar skuldir (framhald)

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Fyrirframinnheimtar miðasölutekjur .....	719.250	3.462.529
Laun og launatengd gjöld .....	116.440.546	203.361.078
Aðrar skuldir .....	1.191.467	1.763.323
	<u>118.351.263</u>	<u>208.586.930</u>

## 11. Gjaldmiðlaáhætta

KSÍ býr við gjaldmiðlaáhattu vegna erlendra viðskiptakrafna, handbærs fjár í erlendum gjaldmiðlum og viðskiptaskulda í erlendum gjaldmiðlum.

Bókfært verð eigna og skulda sem háðar eru gengisáhattu greinist þannig:

	31.12.2019	31.12.2018
Viðskiptakröfur .....	166.620.796	72.576.331
Bankainnstæður .....	10.618.746	79.655.967
Viðskiptaskuldir .....	(950.809)	(12.299.925)
	<u>176.288.733</u>	<u>139.932.373</u>

## 12. Laugardalsvöllur

Rekstrartekjur og -gjöld Laugardalsvallar eru sýnd sérstaklega og greind frá öðrum rekstrartekjum og -gjöldum samstæðunnar, að afskriftum undanskildum. Aðrir rekstrarliðir og efnahagsliðir eru færðir meðal sambærilegra liða í samstæðureikningnum. Viðskiptum innan samstæðu er eytt út við gerð samstæðureiknings. Rekstrarreikningur Laugardalsvallar sundurliðast á eftirfarandi hátt.

	Raun 2019	Áætlun 2019	Raun 2018
Framlög og styrkir .....	38.511.791	46.300.000	44.542.464
Tekjur af leikjum og mótum .....	13.500.000	13.500.000	13.400.000
Aðrar tekjur .....	4.875.247	0	2.785.981
Laun og tengd gjöld .....	(42.057.758)	(35.989.190)	(35.435.044)
Rekstur mannvirkja .....	(40.096.384)	(31.620.000)	(30.514.573)
Annar rekstrarkostnaður .....	(19.173.975)	(18.250.000)	(17.611.100)
Afskriftir .....	(3.367.743)	(2.600.000)	(2.684.281)
Fjármunatekjur .....	103.957	0	100.323
Fjármagnsgjöld .....	(52.418)	0	(89.409)
Tap ársins .....	<u>(47.757.283)</u>	<u>(28.659.190)</u>	<u>(25.505.639)</u>

Eigið fé Laugardalsvallar er neikvætt í árslok um 89,4 m.kr. en var í ársbyrjun neikvætt um 41,6 m.kr.



# Skýringar

---

## 13. Ráðstöfun til aðildarfélaga

Á árinu 2019 greiddi KSÍ um 120 m.kr. til aðildarfélaga sinna í samræmi við samþykktu áætlun. Þá greiddi KSÍ 58 m.kr. til aðildarfélaga, annarra en þeirra sem léku í Pepsi-deild karla, vegna barna- og unglingastarfs en félögin í Pepsi-deild karla fengu sambærilegan styrk frá UEFA að upphæð um 61 m.kr.

Auk þessa greiddi KSÍ félögum í leyfiskerfinu 29,4 m.kr. og ferðaþátttökugjald og verðlaunafé að fjárhæð um 32,7 m.kr. á árinu.

## 14. Samningar KSÍ og Reykjavíkurborgar

KSÍ fyrir hönd Laugardalsvallar, gerði þann 13. ágúst 2014 samning við Reykjavíkurborg um rekstur Laugardalsvallar. Framlög Reykjavíkurborgar til rekstrar vallarins nam um 38,5 m.kr. á árinu 2019.

## 15. Samstarfssamningur við ÍTF

KSÍ og Íslenskur toppfótbolti (samtök félaga í efstu deild) undirrituðu yfirlýsingu um samstarf á árinu 2016. Í yfirlýsingunni sem gildir 2016-2021 með endurskoðunarákvæði að loknu tímabilinu 2018, felst m.a. að KSÍ skuldbindur sig til að félögin í efstu deild (auk félaga sem taka þátt í aðalkeppni bikarkeppni KSÍ) fái 140 m.kr. fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi af deildarkeppni og bikarkeppni 2017 og hækki um 10 m.kr. hvert ár eftir það út samningstímamann.

## 16. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á fundi með stjórnendum, framkvæmdastjóra og skoðunarmönnum þann 13. febrúar 2020.



# Sundurliðanir

	Raun 2019	Áætlun 2019	Raun 2018
<b>Styrkir og framlög</b>			
ÍSí .....	34.008.079	25.250.000	29.227.875
Íslenskar getraunir .....	7.429.711	5.650.000	5.650.000
UEFA .....	450.308.967	461.504.420	528.325.272
FIFA .....	284.399.405	279.480.000	1.079.830.171
Ýmsir styrkir .....	128.224.817	140.175.000	170.472.046
	<u>904.370.979</u>	<u>912.059.420</u>	<u>1.813.505.364</u>
<b>Kostnaður við landslið</b>			
<b>A-landslið karla</b>			
Ferðakostnaður .....	141.412.987	128.667.200	247.661.821
Laun og verktakagreiðslur .....	149.247.854	145.445.189	485.517.440
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl. ....	62.258.547	35.444.000	168.885.806
	<u>352.919.388</u>	<u>309.556.389</u>	<u>902.065.067</u>
<b>U-21 landslið karla</b>			
Ferðakostnaður .....	32.895.733	30.727.460	24.999.533
Laun og verktakagreiðslur .....	16.425.563	14.149.996	13.012.987
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl. ....	7.432.430	4.005.745	9.747.837
	<u>56.753.726</u>	<u>48.883.201</u>	<u>47.760.357</u>
<b>U-19 landslið karla</b>			
Ferðakostnaður .....	9.263.931	8.824.000	8.098.661
Laun og verktakagreiðslur .....	12.925.177	13.124.713	13.136.721
Æfingar, búnaður og sjúkravörur .....	4.425.275	1.999.880	6.937.262
	<u>26.614.383</u>	<u>23.948.593</u>	<u>28.172.644</u>
<b>U-17 landslið karla</b>			
Ferðakostnaður .....	23.439.996	15.290.000	20.137.216
Laun og verktakagreiðslur .....	17.244.509	13.124.713	12.351.384
Æfingar, búnaður og sjúkravörur .....	7.703.118	4.239.800	8.998.468
	<u>48.387.623</u>	<u>32.654.513</u>	<u>41.487.068</u>
<b>A-landslið kvenna</b>			
Ferðakostnaður .....	47.426.155	52.476.100	55.439.248
Laun og verktakagreiðslur .....	48.804.928	42.736.890	35.536.225
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl. ....	16.845.448	9.620.000	33.113.464
	<u>113.076.531</u>	<u>104.832.990</u>	<u>124.088.937</u>
<b>U-19 landslið kvenna</b>			
Ferðakostnaður .....	17.174.545	17.039.518	14.766.218
Laun og verktakagreiðslur .....	14.808.725	13.774.705	9.251.444
Æfingar, búnaður og sjúkravörur .....	8.024.465	6.997.320	5.950.345
	<u>40.007.735</u>	<u>37.811.543</u>	<u>29.968.007</u>

## Sundurliðanir

	Raun 2019	Áætlun 2019	Raun 2018
<b>U-17 landslið kvenna</b>			
Ferðakostnaður .....	19.779.124	17.698.482	17.736.736
Laun og verktakagreiðslur .....	14.139.984	13.774.705	12.324.130
Æfingar, búnaður og sjúkravörur .....	6.411.079	3.814.800	7.963.834
	<u>40.330.187</u>	<u>35.287.987</u>	<u>38.024.700</u>
<b>Hæfileikamótun</b>	<u>28.301.704</u>	<u>30.976.971</u>	<u>23.750.568</u>
<b>Sameiginlegur landsliðskostnaður</b>	<u>25.258.765</u>	<u>20.000.000</u>	<u>24.249.996</u>
<b>Kostnaður við landslið</b>	<u>731.650.042</u>	<u>643.952.187</u>	<u>1.259.567.344</u>
<b>Mótakostnaður</b>			
Dómaralaun og launatengd gjöld .....	143.050.860	176.525.125	138.279.113
Ferðakostnaður dómara .....	17.935.501	0	14.742.142
Annar dómarakostnaður .....	13.561.290	0	16.913.131
Evrópukeppni félagsliða .....	4.621.564	5.500.000	5.402.327
Markaðs- og auglýsingakostnaður .....	9.308.858	5.000.000	9.475.773
Annar mótakostnaður .....	29.540.087	30.000.000	25.754.141
	<u>218.018.160</u>	<u>217.025.125</u>	<u>210.566.627</u>
<b>Fræðslukostnaður</b>			
Laun og verktakakostnaður .....	36.183.769	36.633.574	33.206.955
Landslutaverkefni .....	2.439.222	5.000.000	2.172.808
Námskeið og kennslugögn .....	13.531.029	10.699.625	9.736.860
	<u>52.154.020</u>	<u>52.333.199</u>	<u>45.116.623</u>
<b>Skrifstofu og stjórnunarkostnaður</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	217.901.244	211.870.555	180.493.602
Annar starfsmannakostnaður .....	2.126.430		3.329.427
Sími, internet, pappír, prentun og ritföng .....	7.882.459	9.110.000	9.649.154
Rekstrarkostnaður tölva og tækja .....	17.936.505	20.000.000	19.331.154
Aðkeypt sérfræðiaðstoð .....	13.517.452	12.000.000	17.325.153
Ráðstefnur og fundir innanlands/erlendis .....	12.021.887	9.500.000	16.696.468
Ársþing .....	9.876.341	10.000.000	8.587.493
Styrkir, framlög og gjafir .....	2.937.555	3.000.000	3.838.087
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	4.115.806	878.000	5.464.187
	<u>288.315.679</u>	<u>276.358.555</u>	<u>264.714.725</u>
<b>Húsnæðiskostnaður</b>			
Tryggingar .....	751.477	2.500.000	121.848
Húsnæðiskostnaður .....	22.801.184	27.400.000	25.583.586
	<u>23.552.661</u>	<u>29.900.000</u>	<u>25.705.434</u>



